# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 1151/2014 um umdæmi sýslumanna.**

1. gr.

Í stað „Ólafsvík“ í lokamálsl. 2. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: Snæfellsbær.

2. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sýslumaður getur átt samstarf við sveitarfélag um þjónustu útibús í sveitarfélaginu, enda felist ekki í því framsal á framkvæmd lögbundinna embættisverka sýslumanna.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. og 9. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 10. mars 2017.*

**Sigríður Á. Andersen**
dómsmálaráðherra.

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2017